

## Vinnusmiðja um doktorsnám í félagsráðgjöf

### Stofa D

**Umsjón vinnusmiðju:** Guðný Björk Eydal og Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Í vinnusmiðjunni verður doktorsnám við HÍ og nágrannalöndum kynnt og farið sérstaklega yfir hvernig sækja á um í doktorsnám, hvað það felur í sér og hvernig það er skipulagt. Vinnusmiðjan er ætluð öllum þeim sem hafa áhuga á að skoða hvernig doktorsnám er byggt upp og hvaða möguleikar felast í því. Guðný Björk Eydal, félagsráðgjafi MA, Ph.D. og Kolbeinn Hólmar Stefánsson, félagsfræðingur M.Sc, D.Phil.

## Vopnabúrið

### Stofa E

**Umsjón málstofa:** Björn Már Sveinbjörnsson Brink

Um er að ræða kynningu á Vopnabúrinu sem er sérúrræði fyrir börn og ungmenni sem glíma við fjölþættan vanda, er aðlagð að hverjum einstaklingi og tekur á þáttum andlegs jafnt sem líkamlegs heilbrigðis skjólstæðinga. Þjónustan felur í sér ráðgjafa- og stuðningsviðtöl, meðferðarvinnu, líkamsrækt, tómstundir og félagslega virkni, talsmannsþjónustu, fræðslu og síðast en ekki síst endurgjöf til fagaðila. Þá er unnið t.a.m. út frá meðferðaráætlunum barnaverndar viðkomandi sveitarfélags og/eða þarfa einstaklinga með langvarandi stuðningsþarfir í formi einstaklingsáætlana. Í lokin gefst fagaðilum möguleiki á því að þróa úrræðið og koma með spurningar. Björn Már Sveinbjörnsson Brink, félagsráðgjafi MA.

## Tengslahegðun barna og tengslamatstæki í vinnu með börnum sem eru í hættu

### Stofa F

**Umsjón málstofu:** Ragnheiður Björg Guðmundsdóttir

Fjallað verður um tilurð tengslahegðunar barna við umönnunaraðila sem byggir á grunni tengslakenninga John Bowlby og Mary Ainsworth. Kynnt verða tengslamatstækin Infant Care Index (0-18 mánaða), Toddler Care Index (18 mán-5 ára), School-age Assessment (6-13 ára) og Adult Attachment Interview (25 ára og eldri). Að lokum verður fjallað um skaðlega tengslahegðun barna og hvernig hún lýsir sér. Ragnheiður Björg Guðmundsdóttir, fjölskyldufræðingur og doktorsnemi í félagsráðgjöf.

## Mannréttindi jaðarhópa

### Stofa H

**Umsjón málstofu:** Guðrún H. Sederholm

Fjallað verður um nýja grein í siðareglum FÍ sem byggja á alþjóðasiðareglum félagsráðgjafa.

- |             |   |
|-------------|---|
| 13:00-13:15 | Félagsráðgjafar á útopnu – siðferðileg eftirbreytni – andstaða og óþekkt. Anna Sigrún Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi MA og Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi MA, Ph.D. |
| 13:15-13:30 | Að snúa vörn í sókn! Eðal félagsráðgjöf af bestu gerð. Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og fyrrum talskona Stígamóta.   |
| 13:30-13:45 | Valdefling þeirra sem standa höllum fæti. Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi.   |
| 13:45-14:00 | Fyrirspurnir og umræður.  |

## Börn foreldra með geðrænan vanda

### Stofa I

Umsjón málstofu: Þórunn Edda Sigurjónsdóttir

**Okkar heimur – Stuðningur fyrir börn foreldra með geðrænan vanda.** Kynnt verður nýtt verkefni sem sett var á laggirnar haustið 2021. Verkefnið snýr að stuðningi og fræðslu fyrir börn foreldra sem glíma við geðrænan vanda. Unnið er út frá hugmyndafræði Our time, breskum góðgerðasamtökum sem hafa verið leiðandi í starfi fyrir þennan hóp í Bretlandi síðastliðin 21 ár. Okkar heimur býður upp á mánaðarlegar fjölskyldusmiðjur fyrir fjölskyldur þar sem foreldri glímur við geðrænan vanda ásamt því að stuðla að vitundarvakningu í samfélaginu og gerð fræðsluefnis. Þórunn Edda Sigurjónsdóttir félagsráðgjafi MA, Sigríður Gísladóttir og Hrafninn Sværissdóttir leikkona og leiklistarkennari.

**Lota 2 kl. 14:10-15:10**

**Félagsráðgjafaping 2022**

## Rannsóknir á stöðu kvenna sem glíma við fjölþættan vanda og mæðra sem hafa látist vegna ofbeldis.

### Stofa D

Umsjón málstofu: Ásdís Stella Löve Þorkelsdóttir

- 14:10-14:30 Erindið byggir á rannsókn á því hvort samtímahugmyndum um notendasamráð sé fylgt innan íbúðakjarna fyrir konur á vegum Reykjavíkurborgar. Ásdís Stella Löve Þorkelsdóttir, félagsráðgjafarnemi og Hervör Alma Árnadóttir, félagsráðgjafi MSW.
- 14:30-14:50 Mæður sem hafa látist af völdum ofbeldis í nánnum samböndum og börn þeirra. Freydís Jóna Freysteinsdóttir, félagsráðgjafi MSW, Ph.D.
- 14:50-15:10 Fyrirspurnir og umræður

## Feður og fæðingarorlof

### Stofa E

Umsjón málstofu: Guðný Björk Eydal

**Frumtengsl: Feður og fæðingarorlof.** Fjallað verður um rannsókn meðal feðra sem hafa nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs. Guðný Björk Eydal, félagsráðgjafi MA, Ph.D. og Ásdís A. Arnalds, félagsfræðingur MA, Ph.D.

## Samvinna eftir skilnað, SES

### Stofa F

Umsjón málstofu: Sigrún Júlíusdóttir og Gyða Hjartardóttir

Umfjöllunarefnið er framhald á fyrri kynningu höfunda á aðstæðum barna í skilnaði foreldra. Umræðunni er beint að hugmyndafræði og þekkingu félagsráðgjafa á þessu málefni og spurningum velt upp um (1) hvernig virkar hugmyndafræði þessarar nálgunar? og í hverju liggur breytingin? (2) hvaða þekking er til staðar hjá félagsráðgjöfum? (3) hvernig er vænlegast að innleiða nýja skipan skilnaðarmála með fræðslu, ráðgjöf og stuðningi sem tryggir viðeigandi og lögbundna þjónustu með forvarnartilgangi fyrir börn? Sigrún Júlíusdóttir, félagsráðgjafi MSW, Ph.D. og Gyða Hjartardóttir, félagsráðgjafi MA.

## Þjónusta við eldri borgara

### Stofa G

**Umsjón málstofu:** Halldór S. Guðmundsson

- 14:10-14:25 **Viðhorf, hugsun og hegðun í málefnum aldraðra.** Í erindinu verður fjallað um helstu áherslur á komandi árum í málefnum og réttindamálum eldra fólks sem byggja á fyrirliggjandi drögum að stefnu og um markmiðin um samhæfingu og sjálfbærni í félags- og heilbrigðisþjónustu við eldra fólk. Halldór S. Guðmundsson, félagsráðgjafi MA.
- 14:25-14:40 **Hlutdeild félags- og öldrunarþjónustu í viðbragðsáætlunum og aðgerðum í fyrstu bylgju Covid 19.** Í erindinu verður fjallað um nokkra þætti í rannsóknarverkefni þriggja Norðurlanda – Finnlands, Íslands og Svíþjóðar, þar sem markmiðið var að skoða aðgerðir í fyrstu bylgju Covid-19 og sérstaklega að hve miklu leyti félags- og öldrunarþjónustan var innifalin í áætlunum um viðbrögð við heimsfaraldri. Ragnheiður Hergeirsdóttir, félagsráðgjafi MA.
- 14:40-14:55 **Sveigjanleg dagþjálfun – nýsköpunar og þróunarverkefni.** Sveigjanleg dagþjálfun er nýsköpunar- og þróunarverkefni sem heilbrigðisráðherra veitti leyfi fyrir í 2-4 ár. Nú hafa þrjú ár starfseminnar verið tekin saman og verða gerð skil hér í stuttu máli. Farið verður yfir markmið, framkvæmd, gagnaöflun og gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þá gagnvart notendum, aðstandendum og samfélaginu. Ingunn Eir Eyjólfsdóttir félagsráðgjafi MA.
- 14:55-15:10 Fyrirspurnir og umræður.

## Endurhæfing í kjölfar Covid-19 veikinda og mikilvægi umbóta í starfi

### Stofa H

**Umsjón málstofu:** Hulda Gunnarsdóttir

Á málstofunni verður fjallað um nýjan hóp sjúklunga sem glíma við langtíma veikindi í kjölfar Covid-19 sjúkdómsins. Gerð verður grein fyrir endurhæfingu á Reykjalundi sem hefur verið sniðin að þörfum hópsins. Farið verður yfir þær áskoranir sem félagsráðgjafar hafa mætt og velt upp spurningum sem vaknað hafa vegna faraldursins. Einnig verður sagt frá umbótastarfi og þróun þjónustukönnunar.

- 14:10-14:30 Þjónusta félagsráðgjafa við nýjan hóp sjúklunga. Fjallað verður um hlutverk félagsráðgjafa og skipulag endurhæfingar ásamt þeim áskorunum sem hafa komið upp og áleitnum spurningum. Elínbjörg Ellertsdóttir, félagsráðgjafi MA og Sveindís Anna Jóhannsdóttir, félagsráðgjafi MA.
- 14:30-14:50 Gæðaðþjónusta: Hvað er mikilvægt að mæla og hvernig er það mögulegt? Farið verður yfir þátttöku í umbótastarfi og hvers vegna það skiptir máli að meta þjónustu. Gerð verður grein fyrir þróun og stöðu þjónustukönnunar Reykjalundar. Nadía Borisdóttir, félagsráðgjafi MA.
- 14:50-15:10 Fyrirspurnir og umræður.

## Innleiðing laga um samþættingu þjónustu vegna farsældar barna

### Stofa I

**Umsjón málstofu:** Páll Ólafsson

Fjallað verður um hlutverk nýrrar Barna- og fjölskyldustofu og stöðuna á innleiðingu nýrra laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

- 14:10-14:25 Barna- og fjölskyldustofa, hlutverk stofu í farsældarlögum. Páll Ólafsson, félagsráðgjafi MA.
- 14:25-14:40 Vinna mennta- og barnamálaráðuneytisins við innleiðingu farsældar fyrir börn. Halldóra Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi MA.
- 14:40-15:00 Staða innleiðingar farsældarlaganna í okkar sveitarfélagi. Heiða Ösp Kristjánsdóttir, félagsráðgjafi MA og Hulda Björg Finnsdóttir, félagsráðgjafi, MPM.
- 15:00-15:10 Fyrirspurnir og umræður.

## Lota 3 kl. 15:30-16:30

## Félagsráðgjafaföng 2022

### Virkniráðgjafi á vegum Reykjavíkurborgar

#### Stofa D

**Umsjón málstofu:** Elín Guðjónsdóttir

- 15:30-15:50 **Virknihús.** Rætt verður um Virknihús sem heldur utan um öll virkniráðgjafi Velferðarsviðs borgarinnar, þ.e. Grettistak, Kvennasmiðju, IPS-ráðgjöf, Tinnu og Bataskólann. Virknihúsinu hefur einnig verið falið að hafa yfirsýn yfir slík úrræði á vegum félagasamtaka. Með því að sameina úrræðin á einn stað má minnka flækjustig, einfalda utnumhald og skapa fjölbreyttari tækifæri fyrir þau sem eru að stíga skrefin aftur út í samfélagið. Elín Guðjónsdóttir, félagsráðgjafi MA.
- 15:50-16:10 **Ellan – nýtt úrræði á vegum Reykjavíkurborgar.** Fjallað verður um úrræði fyrir unga einstæða foreldra á aldrinum 18-29 ára sem þurfa þjónustu, stuðning og ráðgjöf t.d. varðandi uppeldishlutverk, menntun og/eða atvinnuleit. Ólöf Karitas Þrastardóttir, félagsráðgjafi MA og Sandra Óskarsdóttir, tómsunda- og félagsmálafræðingur, BA.
- 16:10-16:30 Fyrirspurnir og umræður.

### Brúin – samþætt þjónusta í Hafnarfirði

#### Stofa F

**Umsjón málstofu:** Hulda Björk Finnsdóttir

Höfum við byggt Brú í átt að farsæld barna?

- 15:30-15:50 Rætt verður um hvar Brúarvinnan í Hafnarfirði er stödd eftir að innleiðing á verkferlum Brúarinnar hófst fyrir þremur árum síðan. Rætt verður um afurðir þeirrar vinnu og samstarf mennta- og lýðheilsusviðs og fjölskyldu- og barnamálasviðs. Kynnt verður þróun verklagsins, samþætting þjónustu, verklag um hlutverk málstjóra og breytt vinnubrögð í kjölfar þess. Þá verður kynnt þróun samræmdra vinnubragða í málavinnslu ráðgjafa í anda Brúarinnar og laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Hulda Björk Finnsdóttir félagsráðgjafi, MPM og Eiríkur Þorvarðarson, sálfræðingur MSc.
- 15:50-16:10 Greint verður frá helsta ávinningi, áskorunum og reynslu á verkferlum Brúarinnar út frá sjónarhóli leik og grunnskóla. Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir, M.ed í stjórnun menntastofnana, Elísabet Karlsdóttir, grunn- og leikskólakennari og Stefanía Ólafsdóttir, M.ed í sérkennslufræðum.
- 16:10-16:30 Fyrirspurnir og umræður.

# Heildræn þjónusta við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir og fjölskyldur þeirra þar sem málstjóri tryggir öryggi og samfellu

## Stofa H

**Umsjón vinnusmiðju:** María Rúnarsdóttir

Þróunarverkefnið „Heildræn þjónusta við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir og fjölskyldur þeirra þar sem málstjóri tryggir öryggi og samfellu“ er kynnt ásamt afrakstri verkefnisins sem er handbók um gerð stuðningsáætlana. Henni fylgja nokkur verkfæri, bæði gátlistar fyrir mat á stuðningsþörf, virkt samráð við notanda í ferlinu öllu, eyðublöð við gerð stuðningsáætlunar og svokallaður fundarhringur sem er ætlað að styðja þátttöku fatlaðs fólks í þverfaglegu þjónustuteymi. Þátttakendum er skipt í hópa sem fá mál til að vinna með og nýta til þess verkfærin sem þróuð hafa verið. Svala Hreinsdóttir, félagsráðgjafi, Katrín Þórdís Jacobsen, félagsráðgjafi, MLM, Hrönn Hilmarsdóttir, þroskaþjálfari, Karólína Gunnarsdóttir, þroskaþjálfari, María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsráðgjafi og María Rúnarsdóttir, félagsráðgjafi.

## Hvernig mælum við farsæld barna?

### Stofa I

**Umsjón málstofu:** Guðný Björk Eydal

Í málstofunni verður rætt um hvernig hægt sé að leggja mat á farsæld barna og árangur nýrrar löggjafar um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Hvaða sjónarhorn þarf að hafa í huga og hvernig er hægt að tryggja að viðhorf barna séu höfð að leiðarljósi við mat á árangri.

- |             |   |
|-------------|---|
| 15:30-15:45 | Raddir barna og rannsóknaraðferðir. Hervör Alma Árnadóttir, félagsráðgjafi MSW.                                   |
| 15:45-16:00 | Farsæld og fjölbreytileiki: Að fanga stöðu í ólíkum sveitarfélögum. Ragnheiður Hergeirsdóttir, félagsráðgjafi MA. |
| 16:00-16:15 | Hagrænt sjónarhorn á farsæld: Kostnaðar- og nytjagreiningar. Herdís Steingrímsdóttir, hagfræðingur, Ph.D.         |
| 16:15-16:30 | Fyrirspurnir og umræður.  |

**Móttaka kl. 16:30 – 18:00**

**Félagsráðgjafaföng 2022**

**Samvera á VOX HOME, léttar veitingar  
í boði Félagsráðgjafafélags Íslands og Vísindasjóðs FÍ**